

Yfirlit yfir starfsemi og umbótaverkefni Vinakots

Skjólstæðingar og þjónustufyrirkomulag

Eins og staðan er í dag eru átta skjólstæðingar í þjónustu hjá Vinakoti. Þar af eru fimm í fullri búsetu og þrír í helgarvistun. Vaktaskipulag fyrir stúlkur í búsetu hefur verið endurskoðað, þannig að nú er ávallt kona á vakt með þeim í samræmi við nýtt verklag.

Mönnun þjónustunnar er í samræmi við mat sveitarfélagsins á þörf fyrir mannafla. Vinakot telur æskilegt að tveir eða fleiri starfsmenn séu á vakt með skjólstæðingum á hverjum tíma en slík viðmið hafa þó ekki hlotið samþykki sveitarfélaga.

Atvikaskráningar og nýtt verklag

Sett hefur verið upp ný verklagsáætlun vegna óvæntra atvika. Samkvæmt henni eru öll alvarleg atvik tilkynnt forráðamönnum, Barnavernd og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Það fer eftir eðli og tíðni atvika hvort þau séu tilkynnt jafnóðum eða með reglulegu millibili. Vinakot hefur þegar sent inn tilkynningar um atvik frá því að úttekt var framkvæmd.

Læknaheimsóknir og lyfjagjöf

Vinakot fékk ábendingar um fyrirkomulag tengt læknaheimsóknum og lyfjagjöf. Í kjölfarið hafa orðið marktækar framfarir. Börn sem þurfa á reglulegu líkamlegu innngripi að halda hitta lækni reglulega, þar sem atvik eru yfirfarin og metin. Einnig er öllum skjólstæðingum boðið að hitta lækni í kjölfar valdbeitingar og forráðamönnum þeirra gefinn kostur á að vera viðstaddir.

Lyfjagjöf hefur verið einfölduð með innleiðingu lyfjarúlla fyrir alla skjólstæðinga. Þetta eykur öryggi, auðveldar framkvæmd og gefur betri yfirsýn. Starfsmenn fá nú tilkynningar í síma þegar lyf skal gefa. Deildarstjórar sjá um vikulegt eftirlit með birgðum til að tryggja að lyfjaskammtar klárast ekki.

Við ráðningu fá allir starfsmenn fræðslu þar sem meðal annars er farið yfir lyfjagjöf, verkferla og verklag í tengslum við skjólstæðinga.

Aðkoma fagfólks og réttindi barna

Þörf fyrir markvissari aðkomu meðferðaraðila í kjölfar tilmæla Umboðsmanns Alþingis um að efla aðkomu fagfólks að málefnum barna í búsetuúrræðum, vill Vinakot leggja áherslu á brýna þörf fyrir markvissari og skilvirkari þjónustu þegar við óskum eftir aukinni aðstoð. Þrátt fyrir að Vinakot sé búsetuúrræði en ekki meðferðarúrræði, hefur hjá skjólstæðingum Vinakots oft komið í ljós áberandi þörf fyrir meðferð án þess að nauðsynleg úrræði séu tryggð.

Sálfræðingur starfar hjá Vinakoti og hittir börnin reglulega og veitir stuðning, en við teljum mikilvægt að fleiri fagaðilar komi að meðferð og stuðningi, til að styðja við velferð og þroska barnanna. Það hefur verið skýrast þegar um fíknivanda er að ræða og heilbrigðiskerfið þyrfti að stíga inn í til að styðja við skjólstæðingana.

Réttindafræðsla og kvörtunarleiðir

Vinakot hefur einnig beint sjónum sínum að réttindum barna og mikilvægi þess að þau hafi aðgang að virkum kvörtunar- og kæruleiðum. Í mörgum tilvikum hafa börn skort þetta aðgengi að talsmanni eða aðila sem tryggir hagsmunagæslu þeirra sem getur tekið þeirra mál upp en oft eru foreldrar/forráðamenn ekki í þeirri stöðu að geta sinnt því hlutverki sérstaklega ef sjónarmið þeirra fara gegn vilja barnsins.

Fagteymi Vinakots hefur nú kortlagt réttindi barnanna og tryggt að sálfræðingur og þroskaþjálfari upplýsi þau og/eða talsmenn þeirra um þau á aðgengilegan og skiljanlegan hátt. Starfsfólk fær fræðslu um kvörtunarleiðir og fer forstöðumaður yfir þær með börnum við upphaf dvalar og í kjölfar alvarlegra atvika.

Innra eftirlit og gæðastýring

Í kjölfar úttektar hefur innra eftirlit verið markvissara og skilvirkara. Kortlögð hafa verið þau lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samningar og leiðbeiningar sem gilda um starfsemina.

Deildarstjórar heimsækja hvert úrræði í að minnsta kosti fjórum sinnum í viku og forstöðumaður tvisvar sinnum í viku. Þá eru haldnir mánaðarlegir fundir með fagteymum til að fara yfir stöðu hvers úrræðis.

Á þriggja mánaða fresti er framkvæmd púlskönnun meðal starfsmanna þar sem þeir geta komið á framfæri nafnlausum athugasemdum. Innan hennar er starfsánægjukönnun til að meta líðan og viðhorf starfsfólks og styðja umbótastarf.

Skráningar og öryggi - Nauðung og valdbeiting

Vinakot hefur ekki heimild til beitingar nauðungar og er verklag unnið út frá því. Nauðung er aðeins beitt ef um árás er að ræða þar sem öryggi starfsmanna og annarra skjólstaðinga er í húfi.

Verkferlar vegna valdbeitingar hafa verið uppfærðir. Í dag er skráð hvenær valdbeiting hófst og lauk, hverjir komu að henni, ástæður, hugsanleg meiðsli, eignatjón og viðbrögð barns. Forsjáaraðilar fá tafarlausa tilkynningu við alvarleg atvik eins og sjálfsskaða, stök eða valdbeitingu.

Sálfræðingur sem sérhæfir sig í áfallavinnu hittir barnið eins fljótt og unnt er, oftast sama dag eða næsta dag og fer með barninu yfir atvikið. Þar getur barnið komið á framfæri athugasemdum við skráningu. Sálfræðingur kynnir barninu einnig mögulegar kvörtunar- og kæruleiðir og fær þroskaþjálfari til liðs við sig ef þörf er á frekari útskýringu.

Starfsmenn sem verða vitni að eða taka þátt í atvikum fá handleiðslu frá sálfræðingi í kjölfarið og atvikin eru rædd á starfsmannafundum.

Öryggishnappar

Í kjölfar ábendinga var öryggishnoppum fjölgað í úrræðum Vinakots og tryggt að hver starfsmaður hafi öryggishnapp á sér á meðan vakt stendur yfir. Þetta eykur öryggi og viðbragðsflýti við aðstæður sem kunna að skapast.

Fræðsla og þjálfun starfsfólks

Vinakot fékk ábendingu um vannýtingu á gagnreyndum aðferðum. Öllum starfsmönnum er tryggð þjálfun og fræðsla við ráðningu, þar sem farið er yfir nálgun, lyfjamál, skráningar og kvörtunarleiðir.

Starfsfólk fær aðlögunarvaktir með reyndum starfsmönnum áður en það starfar sjálfstætt. Eftir úttekt var forstöðumaður sendur á ART-námskeið (Aggression Replacement Training), Bjargráðakerfið Björg og mannauðsstjórnunarnámskeið hjá HÍ. Forstöðumaður miðlar nú fræðslunni áfram til annarra starfsmanna.

Fræðsluáætlun hefur verið sett upp til árs í senn og tveir heilir starfsdagar á ári eru helgaðir fræðslu. Starfsmenn fara ávallt á öryggisnámskeið. Þrír hafa þegar lokið þjálfun í Bjargráðakerfinu Björg og þrír aðrir starfsmenn eru á leiðinni í það.

Fimm starfsmenn luku Farsældarnámi Háskóla Íslands á meistarástigi, fjórir hafa lokið TEACCH-námskeiði og 14 hafa lokið ART-námskeiði. Auk þess hafa allir starfsmenn í búsetuúrræðum farið á námskeið auk framhaldsnámskeið í tengslavanda hjá Tengslasetrinu.

Deildarstjórar stunda virka starfsþróun og hafa sótt sér námskeið meðal annars í tengslamati og fræðslu um einhverfu.

Vinakot hefur fengið utanaðkomandi fræðslu frá Einhverfusamtökunum auk ráðgjafar frá Tourette-samtökunum og Sjónstöðinni. Þeir starfsmenn sem vinna með skjólstæðingum okkar sem eru með samþætta heyrnar-og sjónskerðingu fara vikulega í táknumálskenndu. Þegar börn með skerta sjón eru í þjónustu hefur umferlisráðgjöf verið fengin inn til að tryggja viðeigandi aðlögun.